

Fræðsla svæðisstjóra 2011

- **Haldin í Kiwanishúsinu Engjateig 11.**
- **12. mars 2011**
- **Dagskrá**

- **10:00. Fræðsla sett, Andrés K. Hjaltason, formaður fræðslunefndar**
- **10:15. Ávarp umdæmisstjóra, Ragnar Örn Pétursson.**
- **10:30. Fjármál og form, Birgir Sveinsson, umdæmisféhirðir.**
- **10:45. Skýrslur og skýrsluskil, Benóný Arnór Guðmundsson, umdæmisritari.**
- **11:00. Kaffihlé.**



Fræðsla svæðisstjóra 2011

- **11:15.** Svæðaskipulag. Ný svæði, ný tækifæri, Óskar Guðjónsson.
- **11:30.** Styrktarsjóður, nýtt heimsverkefni, Björn Ágúst Sigurjónsson.
- **11:45.** Hugrenningar starfandi svæðisstjóra, Hildisif Björgvinsdóttir.
- **12:00.** Matarhlé.
- **13:00.** Fræðsla svæðisstjóra. Andrés, Bragi, Hildisif og Benóný.
- **14:30.** Svæðisstjórar lýsa sinni sýn á starfið í sínu svæði.
- **14:50.** Lokaorð, Ragnar Örn Pétursson, umdæmisstjóri.
- **15:00.** Lok fræðslu, Andrés K. Hjaltason, fræðslunefnd.



Hvað er Kiwanis

**Kiwanis er alheimssamtök sjálfboðaliða
er hafa að markmiði að bæta heiminn
með þjónustu í þágu barna**



Fræðsla svæðisstjóra 2011

- Ragnar Örn Pétursson
 - Umdæmisstjóri




FRÆÐSLA SVÆÐISSTJÓRA 2011



Nýtt fyrirkomulag vegna fjölgunar
Langhlaup en ekki spretthlaup
Útbreiðslunefnd og Kvennanefnd starfa
saman að verkefninu til 3ja ára 2011-2014



Útbreiðslunefnd 2011 - 2014



Vinnuferli Útbreiðslunefndar

- Í Útbreiðslunefnd sitja fimm nefndarmenn og þrír í kvennanefnd
- Umdæmisstjóri velur formann Útbreiðslunefndar og aðra í samráði við hann. Kvennanefnd kjörin á umdæmisþingi
- Útbreiðslunefnd vinnur í nánú samstarfi við kvennanefnd
- Formaður kvennanefndar situr fundi Útbreiðslunefndar
- Hægt að skipta út einum nefndarmanni árlega í samráði við umdæmisstjóra á hverjum tíma
- Útbúa erindisbréf til nefndarmanna
- Útbúa erindisbréf til kjörsvæðisstjóra og kjörforseta
- Í erindisbréfunum kemur fram: hlutverk og skyldur og tilgangur og markmið



Vinnuferli Útbreiðslunefndar frh

- Sett verða í gang 5 teymi, eitt í hverju svæði
- Einn nefndarmaður ber ábyrgð á hverju teymi
- Formaður Útbreiðslunefndar stýrir teymisvinnunni
- Í hverju teymi eru auk umsjónarmanns teymisins, kjörsvæðisstjóri og kjörforsetar klúbbanna í svæðinu. Fjölmennta teymið getur því verið skipað 1 kjörsvæðisstjóra og 10 kjörforsetum auk umsjónarmanns.
- Í erindisbréfi kemur fram tilhögun að vinnulagi hvers teymis
- Í fjárhagsáætlun umdæmisins er gert ráð fyrir kostnaði vegna verkefnisins



Útbreiðslunefnd - teymisvinna

- Teymi 1 Freyjusvæði
- 10 klúbbar – Kjörsvæðisstjóri – 10 Kjörforsetar
- Teymi 2 Sögusvæði
- 6 Klúbbar - Kjörsvæðisstjóri - 6 Kjörforsetar
- Teymi 3 Óðinssvæði
- 8 klúbbar Kjörsvæðisstjóri - 8 Kjörforsetar
- Teymi 4 Ægissvæði
- 6 klúbbar Kjörsvæðisstjóri - 6 Kjörforsetar
- Teymi 5 Kvennanefnd
- 4 klúbbar - 4 Kjörforsetar
- Færeyjasvæði – 2 klúbbar – tengiliður umdæmisstjórn



Kjörorð Umdæmisstjórnar 2011 - 2012

- Kjörorð umdæmisstjórnar 2011 – 2012
- District Board Motto
- Margar hendur vinna létt verk
- Good Cooperation gets the work done

- Markmið umdæmisins starfsárið 2011 – 2012
- District Goals
- Vinna - Saman
- Standa - Saman
- Fjölgum - Saman
- Gaman - Saman



Fræðsla svæðisstjóra 2011

Fræðsla svæðisstjóra
12. mars 2011

Birgir Sveinsson umdæmisfólk
2011–2012



Samskipti mín við svæðisstjóra:

Umdæmisféhirðir lætur svæðisstjóra vita ef innlend og erlend gjöld falla í eindaga sem við ætlum ekki að láta gerast. Stefnum að því að hafa ávalt allt greitt á tilsettum tíma, það léttir verk allra.

- Svæðisstjóri hefur þá samband við forseta/gjaldkera viðkomandi klúbbs ef þess þarf.
- Greiddur er ferðakostnaður svæðisstjóra á svæðisráðstefnur og vegna heimsóknna í klúbba samkvæmt fjárhagsáætlun sem verður lögð fyrir umdæmisstjórnarfund 16.apríl n.k.
- Haldið öllum reikningum vel til haga.
- Uppgjörsblöð er að finna á www.kiwanis.is



Mikilvægar dagsetningar og atriði:

- Fyrir **15 október** skal vera búið að samþykkja fjárhagsáætlun í klúbbunum. Hún er send umdæmisritara og svæðisstjóra með októberskýrslu.
- **1. nóvember** er gjaldagi 60% umdæmisgjalda og árgjalds Kiwanisfréttu. Miðað er við félagafjölda 30. september. Eindagi er 1. desember. Gjöldin eru ákveðin samkvæmt fjárhagsáætlun. Upphæðirnar fyrir 2011-2012 verða lagðar fyrir umdæmisstjórnarfund 16. apríl n.k.

Þessi gjöld voru kr.7.300 og kr.930 fyrir tímabilið 2010-2011. Væntalega lítilsháttar hækkun á umdæmisgjöldum.



Fræðsla svæðisstjóra 2011

- **1. jan.** er eindagi gjalda til KI og KIEF. Miðað við félagafjölda 30. september. Gjöld ákveðin samkvæmt fjárhagsáætlun KI/KIEF . Upphæðir 2011-2012 verða væntanlega mjög svipaðar og óvíst með afslátt.
- KIEF EUR 7,35 og KI EUR 31,08
- Samtals: EUR 38,43
- Nýir félagar \$ 42 okt - \$ 4 sept. Nýir félagar í nýjum klúbb greiða í upphafi \$50, engin önnur erl gjöld fyrsta árið.
- Gjald fyrir byggjendaklúbb fyrsta árið \$450 síðan \$150.
- **1. apríl** er gjaldagi 40% umdæmisgjalda. Eindagi er 1. maí. Miðað við félagafjölda 31. mars.



Fræðsla svæðisstjóra 2011

Mikilvægar dagsetningar og atriði:

- KI og KIEF sendir reikning vegna erlendra gjalda til ritara klúbba. *Féhirðir verður að minna ritara á að skila sér reikningum frá KI og KIEF.* Greitt er inná reikning KI í Belgíu. Munar eftir að setja númer klúbbs á bankagreiðslu.
- Féhirðir umdæmisins sendir greiðsluseðla á heimabanka og til féhirðis viðkomandi klúbbs fyrir gjöldum umdæmisins og Kiwanisfrétta



Fræðsla svæðisstjóra 2011

Erlendu og innlendu gjöldin

- Klúbbar sem greiða ekki innlendu gjöldin og eða þinggjöld hafa ekki rétt á að skipa fulltrúa á umdæmisþing eða útnefna fulltrúa til kjörs kjörumdæmsisstjóra.
- Klúbbar í vanskilum með erlend gjöld lenda í ýmsum vandræðum – Evrópu/Heimsþing –endurinntökugjald eftir árs vanskil.



Fræðsla svæðisstjóra 2011

Þinggjald:

- Umdæmisþinggjöld ákvarðast af fjárhagsáætlun umdæmisþingnefndar
- Miðað er við félagafjölda í klúbbi 31. desember
- Gjaldldagi þinggjalda er 2 mánuðum fyrir setningu umdæmisþings



Fræðsla svæðisstjóra 2011

Gott tímabil :

Sameinumst öll um að gera þetta ár sem við erum í embættum okkar sem allra skemmtilegast og berum stolt þau embættismerki sem við fáum. Því að **“margar hendur vinna létt verk”** .

Notum þetta ár til að kynnast en meira af frábæru Kiwanisfólki og láta gott af okkur leiða.

Sjáumst hress á Höfn í Hornafirði í haust.



Fræðsla svæðisstjóra 2011

- Benóný Arnór Guðmundsson
- Umdæmisritari 2011-2012
- benniarnor@gmail.com
- Gsm 690-3898



Fræðsla svæðisstjóra 2011

- Við erum allir nýjir og að læra.
- Ég þarf ykkar aðstoð við að passa að klúbbarnir skili skýrslum á réttum tíma fyrir 10. hvers mánaðar, safna má sumarskýrslunum saman og skila þeim fyrir 10. maí. Þá á líka að fylgja mynd af verðandi forseta fyrir félagatalið.



Fræðsla svæðisstjóra 2011

- Ritarar eiga að senda skýrslurnar á umdæmisritara og svæðisstjóra. Þannig eigið þið að geta fylgst með ykkar klúbbum.
- B-skýrsla fyrir svæðisráðstefnu, skal ná yfir heila mánuði, að mánaðarmótum þess mánaðar sem svæðisráðstefnan er haldin.
- Svo er ég ykkur til aðstoðar ef einhverjar spurningar vakna.



Fræðsla svæðisstjóra 2011

Kaffihlé

Byrjum aftur

Kl. 11:15



Fræðsla svæðisstjóra 2011

Svæðaskipulag.

Ný svæði ný tækifæri.

Óskar Guðjónsson
Umdæmisstjóri



Styrktarsjóður umdæmissins.

- Nýtt heimsverkefni
- Björn Ágúst Sigurjónsson



Fræðsla svæðisstjóra 2011

Hugrenningar starfandi
svæðisstjóra

Hildisif Björgvinsdóttir



Fræðsla svæðisstjóra 2011



Matarhlé

Byrjum aftur

Kl. 13:00



Fræðsla svæðisstjóra 2011

Fræðslunefnd

Andrés
Benni
Bragi
Hildisif



Svæðisstjórinn

- Yfirlit yfir störf svæðisstjóra
- starfslýsing



Svæðisstjórinn

- Svæðisstjórinn er “**umdæmisstjóri á staðnum**” í sínu svæði
- Svæðisstjórinn er meðlimur í umdæmisstjórn
- Svæðisstjórinn kemur á nánu sambandi við alla klúbba í sínu svæði, klúbbforsetana og ritara
- Svæðisstjórinn gefur skýrslu reglulega til umdæmisstjórnar, umdæmisstjóra og umdæmisritara
- Svæðisstjóranum er ætlað að heimsækja hvern klúbb í sínu svæði tvisvar yfir starfsárið
- Svæðisstjórinn stýrir störfum svæðisráðs og svæðisstjórnar



Byrjunarverkefni svæðisstjórans

- Ákveða svæðisráðstefnur næsta árs
- Koma á sambandi við verðandi forseta og ritara
- Ákveða stjórnarskipti í samráði við verðandi forseta
- Funda með svæðisráði og ákveða málefni svæðisráðstefna næsta árs
- Undirbúa þátt sinn í fræðslu forseta
- Kynna sér vel lög umdæmis og klúbba.
- Kynna sér gögn svæðisstjóra á heimasíðu umdæmissins



Prefalt hlutverk svæðisstjóra

- **Veita og safna upplýsingum**

Svæðisstjórinn dreifir upplýsingum frá umdæmi og KI-EF til klúbba og gefur upplýsingar um starf klúbba til umdæmis og KI-EF

- **Eftirlit með störfum**

Fylgjast með fjölda félaga og hvetja til fjölgunar

Fylgjast með mætingu á klúbbfundum

Fylgjast með stjórnunarlegri uppbyggingu klúbba.

Fylgjast með skýrsluskilum.

Fylgjast með fjármálum og fjárreiðum klúbba.

- **Stuðla að starfsgleði í klúbbum**

Svæðisstjóri verður að halda sýnu svæði gangandi, starfandi og fullu af áhuga

Stuðla að fjölgun félaga og stofnun nýrra klúbba.

Leiðbeina klúbbum í vali og framkvæmd þjónustu og styrktarverkefna.



Svæðisstjórn

V I I . kafli

1 . gr.

Svæðisstjórn skal vera þannig skipuð:

*Svæðisstjóri, fráfaramandi svæðisstjóri,
kjörsvæðisstjóri, ritari og
meðstjórnandi.*



Kjör svæðisstjóra

XII. Kafli 6. gr.

Svæðisstjóri og kjörsvæðisstjóri er er kjörinn á svæðisráðstefnu eigi síðar en 90 dögum fyrir umdæmisþing og er kjör þeirra staðfest á umdæmisþinginu. Svæðisstjóri ákveður dagsetningu, skipuleggur og boðar til slíks fundar og skal skrifleg tilkynning þar um send til allra klúbbforseta í svæðinu svo og fyrrverandi umdæmisstjóra og fyrrverandi svæðisstjóra innan svæðisins, eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn. Svæðisstjórn leggur fram tillögu um kjörsvæðisstjóra eigi síðar en 30 dögum fyrir svæðisráðsfundinn þar sem kosning kjörsvæðisstjóra fer fram.



Starf svæðisstjóra

- Svæðisráðstefnur
- Fundarstjórn
- Ávörp
- Tillögur
- Innsetning
embættismanna,
stjórnarskipti
- Bjöllu- og keðjunotkun



Svæðisráðstefnur



FUNDARBOÐ

Fundur verður haldinn í svæðisstjórn
Freyjusvæðis, laugardaginn 28. mars 2004
í Kiwanishúsinu við Engjateig, kl. 10:00

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp
2. Skýrsla svæðisstjóra
3. Skýrslur forseta um starfið í klúbbunum
4. Börnin fyrst og fremst
5. Joð-verkefnið
6. Kjör kjörsvæðisstjóra, tillögur
svæðisstjórnar um Jón Sveinsson
7. Önnur mál



Fundarstjóri þarf að hafa í huga

1. Að kunna góð skil á lögum.
2. Hann þarf að vera röggssamur og ákveðinn.
3. Hann skal vera reiðubúinn að athuga réttlátar ábendingar fundarmanna.
4. Hann verður að vera hlutlaus og tekur því ekki þátt í málflutningi. Sjái hann nauðsyn á að taka til máls, þá skal hann afhenda öðrum fundarstjórn á meðan.
5. Vegna hlutleysis, hafa margir þá reglu, sem fundarstjórar, að taka ekki þátt í opinni atkvæðagreiðslu.
6. Fundarstjóri getur ef ókyrrð er, þurft að beita verulegri ákveðni til að kveða niður læti eða skarkala, láti fundarmenn ekki segjast við tilmæli, hefur hann vald til að fresta fundi þar til kyrrð hefur komist á.



Ávörp á fundum

Ávörp miðast við embætti og skulu vera í ákveðinni röð, eins og sýnt er hér að neðan:

Forseti viðkomandi klúbbs, eða fundarstjóri ef annar en forsetinn, er ávallt ávarpaður fyrst.

Ef fundarstjóri stýrir fundi, þá er forseti ávarpaður í öðru ávarpi.

Það nægir að forseti (svæðisstjóri)/fundarstjóri ávarpi gesti með virðingarheitum í upphafi fundar. Þeir sem á eftir koma þurfa þá aðeins að ávarpa forseta (svæðisstjóra)/fundarstjóra og síðan gesti og félaga.

Ef einhver embættismaður Kiwanis er fyrirlesari, er hann ávalt ávarpaður með embættistitli.



Ávörp á fundum

Ávörp á Kiwanisfundum og (svæðis)ráðstefnum:

1. Fundarstjóri/Forseti (Svæðisstjóri)
2. Forseti (Svæðisstjóri)
3. Umdæmisstjóri
4. Evrópuforseti
5. Kjörumdæmisstjóri
6. Fráfarandi umdæmisstjóri
7. Umdæmisritari
8. Umdæmisféhirðir
9. Svæðisstjóri
10. Aðrir embættismenn umdæmisins
11. Forsetar í öðrum klúbbum
12. Gestir
13. Kiwanisfélagar



Fræðsla svæðisstjóra 2011

Það nægir að forseti (svæðisstjóri)/fundarstjóri ávarpi gesti með virðingarheitum í upphafi fundar. Þeir sem á eftir koma þurfa þá aðeins að ávarpa forseta (svæðisstjóra)/fundarstjóra og síðan gesti og félaga.



Að biðja um orðið

- **Vilji maður tala sýnir maður það með því að lyfta hendinni eða á einhvern annan hátt sem fundarstjóri hefur tilkynnt.**
- **Ef fleiri en einn hafa beðið um orðið gilda vissar sérreglur:**
 1. Sá aðili sem hefur borið fram tillögu á rétt á að fá orðið fyrstur. Jafnvel þótt hann sé síðastur í röðinni af þeim sem hafa beðið um orðið.
 2. Enginn fær að taka til máls tvívegis um sama efni, áður en allir þeir, sem beðið hafa um orðið hafa talað einu sinni.
 3. Fundarstjóri hefur ótakmarkaðan rétt á að raða ræðumönnum þannig niður að sem mest jafnvægi sé í umræðum. (Bæði með og móti sitt og hvað).



Tillögur

Aðaltillögur

Komi fram fleiri en ein aðaltillaga í sama máli er rétt og hagkvæmt að ræða þær samtímis og afgreiða þær síðan.

Reglan er sú að tillaga sem gengur lengra hefur forgang til afgreiðslu og skal tekin til afgreiðslu á undan hinni.

Séu tvær tillögur nokkuð samhljóða eru þær teknar til afgreiðslu eftir þeirri röð sem þær berast. Sé fyrri tillagan samþykkt fellur sjálfkrafa niður sú sem gengur skemur.



Tillögur frh.

Breytingartillögur

Lögð hefur verið fram breytingartillaga við aðaltillögu. (Opna umræður). Fyrst er breytingartillagan tekin fyrir síðan aðaltillagan með áorðnum breytingum ef breytingartillagan hefur verið samþykkt.



Tillögur frh.

Breytingartillaga við breytingartillögu

Þegar breytingartillaga við breytingartillögu hefur verið lögð fram (opna umræður) er breytingartillaga við breytingartillögu tekin fyrir og borin undir atkvæði.

Síðan er tekin fyrir breytingartillaga við aðaltillögu með áorðnum breytingum ef breytingartillaga við breytingartillögu hefur verið samþykkt.

Að lokum er aðaltillagan tekin til atkvæða með áorðnum breytingum ef breytingartillagan hefur verið samþykkt.

Þriðja stigs breytingartillögur eru ekki leyfðar.



Stjórnarskipti

Stjórnarskiptablað		
<i>Stjórnarskipti þann</i>		
<i>Kiwanisklúbburinn</i>		
<i>Fráfarandi stjórn starfsárið</i>		<i>til</i>
	<i>Viðstaddir</i>	<i>Merki</i>
Fyrrverandi forseti		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		
Erlendur ritari		
Gjaldkeri		
Féhirðir		
Ritari		
Varaforseti		
Kjörforseti		
Forseti		
<i>Nýja stjórnin starfsárið</i>		<i>til</i>
	<i>Viðstaddir</i>	<i>Merki</i>
Fráfarandi forseti		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		
Erlendur ritari		
Gjaldkeri		
Féhirðir		
Ritari		
Varaforseti		
Kjörforseti		
Forseti		



Bjöllu- og keðjunotkun


Bjallan er notuð þegar Svæðisstjóri tilkynnir eitthvað, t.d.:

- Setningu og slit funda
- Frestun fundar og þegar fundi er fram haldið
- Þegar tilkynnt er um ákvarðarnir t.d. um styrkveitingar og fjáraflanir
- Niðurstöður atkvæðagreiðslu
- Litla bjallan er notuð til að kalla til fundar og minna félagi á að hafa hljótt á fundi

Svæðisstjórakeðjan er notuð:

- Allstaðar þar sem svæðisstjóri kemur fram í nafni embættis:
- Á fundum
- Í heimsóknnum í klúbba
- Á svæðisráðstefnum og öðrum ráðstefnum
- Á Afmælis- og Vígsluhátíðum og öðrum hátíðum
- Við afhendingu gjafa.
- Á Umdæmisþingi
- Svæðisstjóri skal taka keðju niður strax að athöfn lokinni





Heimsókn í klúbba

1. Skipuleggja heimsóknir
2. Að vera inná fundardagskrá klúbbsins
3. Stjórnarskipti og inntaka nýrra félaga
4. Afmæli
5. Sem fyrirlesari um hreyfinguna
6. Hvetja félagi í klúbbum til starfa
7. Grípa inn í starf klúbba sem ekki ganga vel
8. Vera jákvæður og alltaf tilbúinn



Fræðsla svæðisstjóra 2011

- **Spurningar og svör**
- **Svæðisstjórafræðslu 2011**



Fræðsla svæðisstjóra 2011

Hver eru svörin ?

1. Hvað mörgum dögum fyrir umdæmisþing skal kjörkjörsvæðisstjóra fara fram?
2. Svæðisstjórn leggur fram tillögu um kjör- svæðisstjóra, eigi síðar en ____ dögum fyrir svæðisráðsfund
3. Aðalfund klúbba skal halda hvenær?
4. Hvaða nefnd skipar forseti á aðalfundi?
5. Hvenær skal fjárhagsáætlun klúbba liggja fyrir samþykkt?
6. Hvenær eru gjalddagar klúbba til umdæmisstjórnar?



Svör í fræðslu svæðisstjóra 2011

1+2

Svæðisstjóri og kjörsvæðisstjóri eru kjörnir á svæðisráðsstefnu eigi síðar en 90 dögum fyrir umdæmisþing og er kjör þeirra staðfest á umdæmisþinginu. Svæðisstjóri ákveður dagsetningu, skipuleggur og boðar til slíks fundar og skal skrifleg tilkynning þar um send til allra klúbbforseta í svæðinu svo og fyrrverandi umdæmisstjóra og fyrrverandi svæðisstjóra innan svæðisins eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn. Svæðisstjórn leggur fram tillögu um kjörsvæðisstjóra eigi síðar en 30 dögum fyrir svæðisráðsfundinn þar sem kosning kjörsvæðisstjóra fer fram



Svör í fræðslu svæðisstjóra 2011

3

Aðalfundur klúbbsins skal haldinn á reglulegum fundardegi klúbbsins ekki fyrr en fyrsta fundardag í aprílmánuði og ekki síðar en í annarri viku maímánaðar. Klúbbfélögum skal tilkynnt um stað og stund aðalfundar minnst tveimur (2) vikum fyrir fundinn. Til þess að aðalfundur teljist löglegur þarf einn þriðji (1/3) virkra félaga og aldursaðildarfélaga klúbbsins að vera viðstaddir.

4

Þann dag, sem aðalfundur er haldinn skal forseti skipa kjörnefnd sem í skulu sitja allt að sjö (7) félagar. Starf nefndarinnar er að dreifa og safna saman atkvæðaseðlum, telja seðlana og tilkynna úrslit



Svör í fræðslu svæðisstjóra 2011

5

Eigi síðar en 15. október ár hvert, skal stjórnin samþykkja **fjárhagsáætlun** um tekjur og gjöld starfsársins.* (*Athugið: Heimilt er að gera fjárhagsáætlun fyrir hálf t. ár í senn.*)

6

Umdæmisþing samþykkir fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár og þar með gjöld þau sem klúbbarnir greiða til umdæmisins fyrir hvern félag á samt áskriftargjaldi fyrir Kiwanisfréttir, að undanskildum heiðursfélögum. **Gjalddagar eru 1. nóvember og 1. apríl og skulu gjöldin greiddast eigi síðar en þrjátíu (30) dögum eftir gjalddaga** og miðast við félagatölu klúbbanna eins og hún hefur verið tilkynnt Alþjóðasambandi Kiwanis 30. september og 31. mars næst á undan gjalddögunum. Þessi gjöld skal nota til að standa straum af reksturskostnaði umdæmisins.



Fræðsla svæðisstjóra 2011

- Stjórnarskipti sjá útprentuð blöð.



Innsetning: Spói

Ágætu Kiwanisfélagar (og gestir), ég vil byrja á því að þakka það boð að sjá um þessa athöfn.

Ég vil biðja Kjörsvæðisstjóra Jón Jónsson að koma hingað og vera mér til aðstoðar við innsetningarathöfnina

Fráfarandi stjórn

Er ég nefni nafn hvers og eins, bið ég ykkur um að ganga fram og raða ykkur upp hér fyrir framan í þeirri röð sem ég kalla ykkur upp

(Þar sem þeir blasa við sjónum klúbbfélaga)

<i>Helgi Valdimarsson</i>	<i>FRÁFARANDI</i>
---------------------------	-------------------

FORSETI

<i>Úlfar Jónsson, Eiríkur Magnússon</i>	<i>MEÐSTJÓRNENDUR</i>
---	-----------------------

<i>Sigurður Ragnarsson</i>	<i>GJALDKERI</i>
----------------------------	------------------

<i>Óskar Eiríksson</i>	<i>RITARI</i>
------------------------	---------------

<i>Ragnar Hauksson</i>	<i>KJÖRFORSETI</i>
------------------------	--------------------

<i>Steinar Halldórsson</i>	<i>FORSETI</i>
----------------------------	----------------

Fyrir hönd Kiwanishreyfingarinnar leyfi ég mér að þakka ykkur fyrir vel unnin störf í klúbbum á þessu starfsári sem nú er að ljúka. Skýrslur þær sem frá ykkur hafa borist sýna að klúbburinn hefur starfað af áhuga og dugnaði að



þjónustustörfum fyrir byggðarlagið, svo sem sæmir starfssömum Kiwanisklúbbi.

Fyrir þetta ber að þakka, þar sem það kemur einnig Kiwanishreyfingunni í heild, til góða. Klúbburinn veit að hann á eftir að njóta reynslu ykkar í starfi á komandi árum og fagnar því.

(Talar til klúbbfélaga): Við skulum þakka þeim með lófataki.

Ég vil biðja þá ykkar sem ekki verða í næstu stjórn, að setjast.

(Biður síðan aðra verðandi stjórnarmeðlimi að koma í hópinn sem fyrir er um leið og hann nefnir nöfn þeirra.)

(Nýja stjórnin stillir sér upp þannig.):



- *Steinar Halldórsson* Fráfarandi forseti
- *Jón Gíslason, Þórir Halldórsson* Meðstjórnendur
- *Úlfar Jónsson* Gjaldkeri
- *Eiríkur Magnússon* Ritari
- *Ólafur Árnason* Varaforseti
- *Pétur Gíslason* Kjörforseti
- *Ragnar Hauksson* Forseti

1. Fráfarandi forseti

(Lesu upp nafn *Steinar Halldórsson* og biðja fráfarandi forseta að stíga fram)

Þú hefur nú lokið starfi þínu sem forseti klúbbsins. Klúbburinn ætlar þó til þess að þú verðir eitt ár enn í stjórn hans. Reynsla þín sem æðsti embættismaður klúbbsins er mikils virði, ekki aðeins fyrir arftaka þinn í embætti heldur einnig fyrir alla stjórn klúbbsins. Ég legg þér þá skyldu á herðar að gefa góð ráð til forsetans og til stjórnar klúbbsins.

Það er mér mikil ánægja að þú verður sæmdur merki fyrrverandi forseta sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf á síðasta starfsári.



2. Meðstjórnendur

- *(Lesu upp nöfn **Jón Gíslason, Þórir Halldórsson** og biðja meðstjórnendur að stíga fram)*

Ykkar starf í stjórn klúbbsins er afar mikilvægt. Þið takið þátt í störfum stjórnar og ákvörðunum um stefnu og störf klúbbsins, samþykkja fjárhagsáætlun og greiðslu reikninga, gefa nefndum ráð, samþykkja og aga félagi og taka þátt í rekstri klúbbsins.

Til staðfestingar á að þið hafið tekið við starfi meðstjórnenda klúbbsins verði þið skryddir merki meðstjórnenda.

4. Gjaldkeri



*(Lesu upp nafn **Úlfar Jónsson** og biðja gjaldkera að stíga fram)*

Þú tekur við og innheimtir ársgjöld og annað sem þér er falið. Þú afhendir féhirði klúbbsins allar inn-greiðslur. Starf gjaldkera er mikilvægt ekki síst fyrir þá sök, að mikið veltur á dugnaði hans við innheimtu, að nægilegt rekstrarfé sé ávallt fyrir hendi til daglegs reksturs klúbbsins. Sem gjaldkeri klúbbsins þá hefur þú einnig skyldur sem féhirðir og les ég þær hér einnig upp.

5. Féhirðir

(Lesu upp nafn og biðja féhirði að stíga fram)

Sem féhirðir ert þú að taka við embætti sem ekki aðeins krefst algjörðs heiðarleika heldur einnig mikillar útsjónasemi. Það er þitt verkefni að gæta fjár klúbbsins og inna af hendi greiðslur að skipun stjórnarinnar. Þú gefur upplýsingar um fjárreiður klúbbsins á stjórnarfundum og endranær þegar forseti og/eða stjórn klúbbsins æskir þess.

Hér með set ég þig formlega í embætti sem gjaldkera klúbbsins og verður þú skráddur merki gjaldkera því til staðfestingar.

6. Ritari



*(Lesu upp nafn **Eiríkur Magnússon** og biðja ritara að stíga fram)*

Innan Kiwanishreyfingarinnar er ritari klúbbs líklega „*hin gleymda hetja*“ sem vinnur störf sín í kyrrþey. Þú verður að fylgjast náið með öllum smáatriðum klúbb- og stjórnarfundu, skrifa fundargerðir, halda skýrslur, gefa skýrslur, skrifa bréf og sinna öðrum nauðsynlegum störfum til tryggingar því að klúbburinn starfi snurðulaust. Áhugi þinn og þátttaka í öllum verkum klúbbsins er nauðsynlegur til þess að klúbburinn nái árangri á næsta starfsári.

Hér með set ég þig formlega í embætti ritara klúbbsins og verður þú skryddur merki ritara því til staðfestingar.

7. Varaforseti

(Lesu upp nafn og biðja varaforseta að stíga fram) **Ólafur Arnasson**

Sem næstráðandi á eftir forseta verður þú að vera við því búinn að gegna embættisskyldum forseta í fjarveru hans. Ég vona að þú skoðir það sem talað verður til forsetans sem orð til þín töluð.

Ég lýsi því yfir að þú ert formlega settur í embætti sem varaforseti klúbbsins og verður þú skryddur merki varaforseta því til staðfestingar.



8. Kjörforseti

(Lesu upp nafn **Pétur Gíslason** og biðja kjörforseta að stíga fram)

Sem kjörforseti ert þú forsetaefni næsta starfsárs. Þitt verksvið er að annast þau störf sem forsetinn og/eða stjórnin fá þér. Auk þess ber þér að undirbúa starfsemi klúbbsins á næsta ári og einnig sjálfan þig til að taka við embætti forseta. Þú hefur verið valinn í mikilvægt embætti. Legðu rækt við að undirbúa þig eftir bestu getu undir starf þitt á næsta ári.

Hér með lýsi ég þig formlega tekinn við sem kjörforseti klúbbsins og verður þú skráddur merki kjörforseta því til staðfestingar.

9. Forseti

(Lesu upp nafn **Ragnar Hauksson** og biðja forseta að stíga fram)

Þú hefur verið kosinn til að gegna æðsta embætti sem klúbbur þinn getur veitt þér. Þetta er mikið heiðursembætti og mikil ábyrgð fylgir því. Árangur klúbbsins á þessu nýja starfsári hvílir að miklu leyti á herðum þínum og þeirri forystu sem þú veitir klúbbum og stjórn hans og í ráðgjöf og hvatningu sem þú gefur nefndum þínum í klúbbum.



Þú hefur fengið í hendur efni og fræðslu þér til aðstoðar við stjórn klúbbsins, sem æðsti embættismaður hans. Þú munt gera margar tillögur til stjórn klúbbsins. Stjórnarmenn þínir og nefndarformenn munu einnig hafa margar góðar hugmyndir fram að færa.

Þú skalt ekki reyna að gegna störfum og skyldum samembættismanna þinna og nefndarformanna. Þú skalt gefa þeim þá andagift, sem gerir þeim mögulegt að gera sitt besta.

Að lokum hvet ég þig til þess að hafa það að þínu ædsta markmiði að gera klúbb þinn betri og mikilvægari fyrir félagi hans og verðmætari í þjónustu sinni við byggðalagið.

Ég set þig hér með formlega í embætti forseta Kiwanisklúbbsins Setbergs og vona að klúbburinn starfi af áhuga og þrótti í anda Kiwanishreyfingarinnar á starfsári þínu. Þessu til staðfestingar verður þú skryddur merki forseta klúbbsins.

Nú vil ég biðja fráfarandi forseta að standa andspænis hinum nýja forseta og afhenda honum keðjuna góðu og innsigla þessa innsetningu. (Ekki klappa alveg strax)



Forseti		
<i>Nýja stjórnin starfsárið 2009til 2010</i>		
	<i>Viðstaddir</i>	<i>Merki</i>
Fráfarandi forseti		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		
Meðstjórnandi		
Erlendur ritari		
Gjaldkeri		
Féhirðir		
Ritari		
Varaforseti		
Kjörforseti		
Forseti		



Tíu boðorð ræðumanns.

Fyrsta: Byrjaðu ekki ræðu með afsökunum.

Annað: Notaðu ekki tölur í óhófi.

Þriðja: Vertu ekki of tilfinningasamur.

Fjórða: Íktu ekki.

Fimmta: Vertu ekki kaldhæðinn eða ófyrirleitinn.

Sjötta: Vertu ekki leiðinlegur.

Sjöunda: Misþyrmdu ekki móðurmáli þínu.

Áttunda: Haltu þig við kjarna málsins.

Níunda: Eyddu ekki tíma áheyrenda að óþörfu.

Tíunda: Vertu ekki of háfleygur.